



Gjaldeyrismarkaðurinn


Mánaðarlegt yfirlit

17. apríl 2018

- Frá síðari hluta febrúar, þegar evran fór tímabundið rétt yfir 125, hefur hún lækkað nokkuð jafnt í átt að 120. Það sem af er viku hefur lækkunin gengið aðeins til baka og var evran í lok dags í gær 122,3.
- Nokkuð ládeyða hefur ríkt á gjaldeyrismarkaði það sem af er ári. Veltan fyrstu þrjá mánuði ársins hefur verið að meðaltali 9 ma.kr. í samanburði við 49 ma.kr. á sama tímabili 2017.
- Samhlið minni veltu hafa sveiflur milli daga minnkað. Dagsveiflur íslensku krónunnar gagnvart evru eru orðnar minni en sveiflur sænsku og norsku krónunnar gagnvart evru.
- Á fyrstu tveimur mánuðum ársins jukust innlán í Bandaríkjadöllum á innlendum gjaldeyrisreikningum um 19 ma.kr., eða úr 65 mö.kr. í 84 ma.kr.
- Það sem af er ári hefur Seðlabankinn ekki átt viðskipti á gjaldeyrismarkaði, en hann greip seinast inn í á markaði í nóvember í fyrra.
- Nokkuð hefur dregið úr fjölgun erlendra farþega um Leifsstöð. Um 173 þúsund erlendir gestir fóru um Leifsstöð í mars. Þetta er 3% aukning milli ára og þarf að fara aftur til mars 2011 til að sjá minni fjölgun milli ára.
- Raungengið hækkaði um 1,8% á milli mánaða í mars og er svipað og fyrir ári síðan.

	16.4.2018	MTD	YTD	1M	3M	12M
GVT	158,2	0,7%	-2,1%	-0,4%	-3,0%	-1,6%
EUR	122,3	0,7%	-1,5%	-0,1%	-2,7%	3,5%
USD	98,8	0,3%	-4,5%	-0,8%	-3,6%	-11,2%
GBP	141,6	2,6%	1,4%	2,0%	0,2%	1,6%
DKK	16,4	0,8%	-1,5%	0,0%	-2,7%	3,5%
NOK	12,7	1,3%	0,8%	-1,6%	-2,4%	-1,9%
SEK	11,7	-0,6%	-6,9%	-3,4%	-7,9%	-4,6%
CHF	102,8	-0,3%	-3,1%	-1,6%	-3,7%	-7,1%
JPY	0,92	-0,5%	0,4%	-1,8%	-0,6%	-9,9%

Heimild: Thomson Reuter Eikon



Seinasta dags. 16. apríl . 2018

Heimild: Thomson Reuters Eikon


Magnús Stefánsson

+354 410 4045


magnus.stefansson@landsbankinn.is




Af gjaldmiðlum helstu viðskiptalanda okkar hefur sænska krónan lækkað mest.




Veltan á gjaldeyrismarkaði það sem af er ári hefur verið í kringum 10 ma.kr. á mánuði.




Flóktið á evru/krónu krossinum hefur haldið áfram að minnka.




Dagsveiflur íslensku krónunnar gagnvart evru eru aftur orðnar minni en sveiflur sænsku og norsku krónunnar gagnvart evru.




Seðlabankinn hefur ekki gripið inn í á markaði síðan í nóvember 2017.



Óveruleg breyting hefur orðið á gjaldeyrisforðanum síðustu mánuði.




Um 173 þúsund erlendir gestir fóru um Leifstöð í mars.




Heimild: Ferðamálastofa

Það er 3% aukning milli ára og þarf að fara aftur til mars 2011 til að sjá minni fjölgun milli ára.




Mánaðarleg gögn, seinasta dags. mars 2018
Heimild: Ferðamálastofa

Á fyrstu 3 mánuðum ársins var hallinn á vöruskiptajöfnuði 24,6 ma.kr., sem er 12,6 ma.kr. minna en á sama tímabili í fyrra.




Heimild: Hagstofa Íslands

Mestu munar um meiri útflutning sjávarafurða.




Breyting milli fyrstu 3 mánaða 2017 og 2018
Heimild: Hagstofa Ísland

Greiðslukortajöfnuður var jákvæður um 4,6 ma.kr. í mars í samanburði við 9,3 ma.kr. í mars 2017.



Mánaðarleg gögn, seinasta dags. mar. 2018
Heimild: Seðlabanki Íslands


Vaxtamunur við evru hefur hækkað líttilega á lengi enda vaxtarófsins.



Seinasta dags. 21 mar. 2018
Heimild: Thomson Reuters Eikon




Raugengið hækkaði um 1,8% milli mánaða í mars og er svipað og fyrir ári síðan.



Heimild: Seðlabanki Íslands

Á fyrstu tveimur mánuðum ársins jukust innlán í Bandaríkjadollurum um 20 ma.kr.



Mánaðarleg gögn. Síðasta dagsetning 28. feb. 2017
Heimild: Seðlabanki Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara. Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti. Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.